

Aðalfundur Byggðasafns Vestfjarða

miðvikudaginn 10. maí 2023 kl. 12:00 í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað

Mætt voru:

Arna Lára Jónsdóttir bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson bærarstjóri Bolungarvíkur, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Bryndís Ósk Jónsdóttir bæjarritari, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir sérfræðingur á safni sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf

a. Skýrsla forstöðumanns fyrir liðið starfsár

Jóna Símonía forstöðumaður leggur fram skýrslu fyrir liðið starfsár og fer yfir það helsta sem dreif á daga safnsins yfir opnunartímabilið 2022. Gestir safnsins voru um 12 þús. Það hefur verið að lengjast opnunartímabilið og horfir til breytinga. Greint frá lóðamálum í Neðsta þar sem þarf að ráðast í endurbætur og hugað að því að leita til ráðherra, Lilju Alfreðsdóttur hvað varðar umræðu um lóðina sl. vor þar sem Lilja sýndi áhuga á að koma til móts við uppbyggingu á lóð og svæði. María Júlía bíður slípps á Akureyri og Eljan þarf að komast í betra húsnæði svo að hægt sé að klára málingarvinnu. Stjórn samþykkir skýrslu starfsársins 2022

b. Ársreikningur safnsins

Jóna Símonía forstöðumaður gerði grein fyrir ársreikningum safnsins. Þeir lagðir fram til samþykktar. Stjórn samþykkir ársreikning fyrir 2022

2. Önnur mál

Smiðjan á Þingeyri Umræður fóru fram um Smiðjuna á Þingeyri hverjar eru framtíðarhorfurnar. Það eru vonir um að hægt sé að hafa opið yfir sumarið 2023. Það hefur reynst erfitt að manna stöðu safnvarðar yfir sumartímann á Þingeyri sem er áhyggjuefni.

Salernisaðstaða í Neðstakaupstað Umsjón og framkvæmd um þrif á almenningssalerni í Neðstakaupstað rædd. Mikið álag er á aðstöðuna með vaxandi fjölda ferðamanna.

Samþykktir og skuldarádstöfun 2022 Bæjarritari bar upp tvö mál sem þarf að ræða og taka afstöðu til. Annað varðar samþykktir safnsins og hitt ráðstöfun skuldar skv. niðurstöðu ársreiknings 2022. Það þarf að marka betur fjárhagslegar ábyrgðir, hvað skal gera varðandi hagnað og tap og hvernig skiptin séu, þessi liður þarfnast uppfærslu. Það er einnig tímabært að fara í gegnum samþykktir Byggðasafns Vestfjarða. Forstöðumanni falið að fara í gegnum málin og leggja fyrir næsta fund.